# Sunnudagur 3. september

DV

## SJÓNVARPIÐ

12.30 **Umhverfisátak 1989** (Our Common Future). Í júnímánuði sl. stóðu fjölmargir stjórnmála- og listamenn fyrir viðamikilli dagskrá til að vekja athygli á stöðu umhverfismála í heiminum og svonefndri Brundtlandskýrslu sem unnin var á vegum Sameinuðu þjóðanna. Leiðtogar fjölda þjóða fluttu ávörp og fjölmargir listamenn lögðu sitt af mörkum til eflingar umhverfisvernd. Þeirra á meðal voru Elton John, Midnight Oil, R.E.M., Johnny Clegg, Stevie Wonder, John Denver, Christopher Reeves, Sigourney Weaver, Diana Ross og Lisa Bonet.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Sr. Gunnar Björnsson.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Við feðginin** (Me and My Girl). Ný þáttaröð um bresku feðginin, ættingja þeirra og vini en fólk þetta skemmti sjónvarpsáhorfendum fyrir nokkru. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Fólkið í landinu.** – Haukur Pálsson á Röðli.
21.00 **Lorca – dauði skálds** (Lorca, Muerte de un Poeta). – Annar þáttur. – Spænsk/ítalskur myndaflokkur í sex þáttum. Leikstjóri Juan Antonio Bardem. Aðalhlutverk Nickolas Grace. Myndaflokkurinn fjallar um kafla í lífi spænska skáldsins Federico Garcia Lorca, allt frá barnæsku og þar til hann var myrtur í ágúst 1936. Þýðandi Örnólfur Árnason.
21.50 **Stríðssálumessa** (War Requiem). Bresk sjónvarpsmynd án orða byggð á samnefndu tónverki eftir Benjamín Britten. Sinfóníuhljómsveitin í Lundúnum flytur ásamt söngvurunum Galinu Vishnevskaya, Peter Pears og Dietrich Fisher-Dieskau ásamt Bach-kórnum og kór Highgate skólans.
23.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Alli og íkornarnir.** Bandarísk teiknimynd.
9.25 **Litli Folinn og félagar.** Falleg og vönduð teiknimynd með íslensku tali.
09.50 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.05 **Funi.** Teiknimynd um litlu stúlkuna Söru og hestinn Funa.
10.30 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
10.55 **Köngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.15 **Tinna.** Barnamynd um litlu telpuna Tinnu og ótrúleg uppátæki hennar.
11.40 **Rebbi, það er ég.** Teiknimynd.
12.05 **Óháða rokkið.** Ferskur tónlistarþáttur.
13.00 **Mannslíkaminn,** Living Body. Vandaðir þættir um mannslíkamann.
13.30 **Stríðsvindar,** North and South. Fimmti þáttur af sex í seinni hluta þessarar stórkostlegu bandarísku framhaldskvikmyndar. Aðalhlutverk: Kristie Alley, David Carradine, Philip Casnoff, Mary Crosby og Lesley-Ann Down.
15.05 **Leynireglan,** Secrets. Þrettán ára stúlka ákveður upp á sitt eindæmi að rannsaka leyndardóma frímúrarareglunnar. Faðir hennar, sem er nýlátinn, hafði verið virkur þátttakandi í reglunni meðan hann lifði og það vekur forvitni stúlkunnar. Louise vill vita hvað faðir hennar aðhafðist þegar hann var að heiman. Aðalhlutverk: Helen Lindsay, John Horsley, Anna Campbell Jones og Daisy Cockburn.
16.20 **Framtíðarsýn,** Beoynd 2000. Það er fátt sem ekki er skoðað með tilliti til framtíðarinnar.
17.10 **Listamannaskálinn,** South Bank Show.**Pina Bausch.** Umsjón: Melvyn Bragg.
18.10 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum víða um heim með öllum bestu kylfingunum. Umsjón Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir, veður og frískleg umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Svaðilfarir í Suðurhöfum,** Tales of the Gold Monkey. Spennandi og spaugilegur bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Aðalhlutverk. Stephen Collins, Caitlin O'Heney, Rody McDowall og Jeff Mackay.
20.55 **Lagt í'ann.** Sigmundur Ernir ferðast um Grænland og kynnir sér líf og störf heimamanna.
21.25 **Auður og undirferli,** Gentlemen and Players. Breskur framhaldsmyndaflokkur. Lokaþáttur. Aðalhlutverk: Brian Prothero, Nicholas Clay og Claire Oberman.
22.20 **Að tjaldabaki,** Backstage. Skyggnst er á bak við tjöldin í kvikmyndaheiminum, stórstjörnur teknar tali og einnig þekktir leikstjórar.
22.45 **Verðir laganna,** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhlutverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
23.35 **Heimsbikarmótið í skák.** Páll Magnússon, fréttastjóri Stöðvar 2, sér um daglegar sjónvarpsútsendingar frá mótinu sem fram fer í Skellefta í Svíþjóð.
23.55 **Blindgata,** Blind Alley. Ómálga barn verður vitni að morði og hinn seki getur ekki tekið neina áhættu. Aðalhlutverk: Anne Carlisle, Brad Rijn og Stephen Lack. Leikstjóri: Larry Cohen.
1.30 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

7.45 **Útvarp Reykjavík,** góðan dag.
7.50 **Morgunandakt.** Séra Ingiberg J. Hannesson, prófastur á Hvoli í Saurbæ, flytur ritningarorð og bæn.
8.00 **Fréttir.** Dagskrá.
8.15 **Veðurfregnir.** Tónlist.
8.30 **Á sunnudagsmorgni.** með Tryggva Pálssyni bankastjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hann um guðspjall dagsins. Matteus 6, 24 – 34.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sitthvað af sagnaskemmtun miðalda.** Fimmti þáttur. Umsjón: Sverrir Tómasson. Lesari: Bergljót Kristjánsdóttir.
11.00 **Messa í Dómkirkjunni.** Prestur: séra Jakob Hjálmarsson.
12.10 **Dagskrá.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.30 **Dregur til ófriðar.** Dagskrá í tilefni þess að fimmtíu ár eru liðin frá upphafi seinni heimsstyrjaldar. Umsjón: Gunnar Stefánsson. Helgi Skúli Kjartansson talar um aðdraganda stríðsins.
14.30 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu eftir Johann Strauss, Franz Lehar, Jacques Offenbach og Carl Zeller.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Með múrskeið að vopni.** Fylgst með fornleifarannsóknum. Umsjón: Steinunn Harðardóttir. (Einnig útvarpað næsta þriðjudag kl. 15.03)
17.00 **Tónleikar á vegum Evrópubandalags útvarpsstöðva.** Sinfónía nr.10, op.93 í e-moll eftir Dimitri Sjostakovits; Sinfóníuhljómsveit rúmenska útvarpsins leikur, Ludovic Baci stjórnar. (Hljóðritun frá rúmenska útvarpinu.)
18.00 **Kyrrstæð lægð.** Guðmundur Einarsson rabbar við hlustendur.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Ábætir** – tónlist eftir Gioacchino Rossini.
20.00 **Sagan:** Búrið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur. Höfundur les (6).
20.30 **Íslensk tónlist.**
21.10 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi.)
21.30 **Útvarpssagan:** Vörnin eftir Vladimir Nabokov. Illugi Jökulsson les þýðingu sína (8).
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Harmónikuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson. (Einnig útvarpað á miðvikudag kl. 14.05)
23.00 **Mynd af orðkera** – Sigmundur Ernir Rúnarsson. Friðrik Rafnsson ræðir við rithöfundinn um skáldskap hans og skoðanir.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Sígild tónlist í helgarlok.** – Serenaða í D-dúr eftir Wolfgang Amadeus Mozart. Hljómsveitin The Academy of Ancient Music leikur; Christopher Hogwood stjórnar. (Af hljómdiski)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

8.10 **Áfram Ísland.**
9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á rás 2. Umsjón: Sverrir Gauti Diego.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Eric Clapton og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil listamannsins í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Í sólskinsskapi.** Íþróttafréttamenn fylgjast með síðari hálfleik í leik Fram og KR á Íslandsmótinu í knattspyrnu, 1. deild karla. – Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir.
16.05 **Bob Dylan.** Umsjón: Magnús Þór Jónsson. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarísk sveitatónlist.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Á elleftu stundu.** Anna Björk Birgisdóttir í helgarlok.
01.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Blítt og létt . . .** Ólafur Þórðarson. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi á rás 1.)
03.00 **Næturnótur.**
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Næturnótur.**
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á rás 1 kl. 18.10)
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Blítt og létt . . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Ólafs Þórðarsonar á nýrri vakt.

## Bylgjan FM 98,9

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hlustendur vaktir með ljúfum tónum og **Halli** spilar örugglega óskalagið þitt, **61-11-11,** hringdu bara.
13.00 **Óákveðið ennþá.**
**19.00 Snjólfur Teitsson.** Sérvalin tónlist með grillinu.
20.00 **Pia Hanson.**Þá er vinnuvikan framundan og stressið en **Pia Hanson** undirbýr ykkur með góðri tónlist.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** **Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

9.00 **Sigurður Hlöðversson – Fjör við fóninn. Siggi** fer fyrstur á fætur á sunnudögum ,spilar eldhressa tónlist frá öllum fímum fyrir börn, unglinga, konur og karla. **Siggi Hlöðvers** er mikið fyrir símann og því um að gera að hringja **í síma 681900.**
13.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Yndisleg ný tónlist, fólk í spjalli og uppákomur sem koma jafnvel stjórnanda þáttarins á óvart. Þáttur fyrir alla fjölskylduna.
17.00 **Sagan á bak við lögin – Helga Tryggvadóttir og Þorgeir Ástvaldsson** skyggnast á bak við sögu frægustu popplaga allra tíma og þar kemur ýmislegt fróðlegt í ljós.
18.00 **Kristófer Helgason** kannar hvað kvikmyndahúsin hafa upp á að bjóða, spilar tónlist sem hægt er að grilla við og fleira. Svo er pilturinn alltaf í símanum!!
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**
**Fréttir á Stjörnunni eru sem hér segir: klukkan 8, 10, 12, 14, 16 og 18. Stjörnuskot – eins og skot. Klukkan 9, 11, 13, 15 og 17 (grín, léttleiki, frásagnir af fréttnæmum atburðum í Stjörnudúr, þ.e.a.s. eitthvað sem lætur öðruvísi í eyrum um menn og málefni).**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MR.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **MH.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## Eff Emm 95,7

7.00 **Stefán Baxter.**„Ó–þunnur".
12.00 **Ásgeir Tómasson.**
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
**22.00 Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

## Rót Útvarp FM 106,8

10.00 **Sígildur sunnudagur.** Leikin klassísk tónlist. Jón Rúnar Sveinsson og Ragnheiður Hrönn Björnsdóttir.
12.00 **Jazz & blús.** Gísli Hjaltason.
13.00 **Prógramm.** Tónlistarþáttur í umsjá Sigurðar Ívarssonar. Nýtt rokk úr öllum heimsálfum.
15.00 **Poppmessa í G-dúr.** Umsjón: Jens Kr. Guð.
17.00 **Sunnudagur til sælu.** Gunnlaugur og Þór.
19.00 **Gulrót.** Guðlaugur Harðarson.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Dags og Daða.
21.00 **Múrverk.** Tónlistarþáttur í umsjá Árna Kristinssonar.
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt.**

## SKY CHANNEL

5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
11.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
12.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
13.00 **Fjölbragðaglíma.**
14.00 **The Incredible Hulk.**
15.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
16.00 **Eight is Enough.**Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
18.00 **TBA.**
19.00 **21 Jump Street.** Spennumyndaflokkur.
21.00 **Entertainment This Week.**Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur.

## SKY MOVIES

13.00 **Animals are Beautiful People.**
15.00 **Norma Rae.**
17.00 **The Mission.**
19.00 **Hope and Glory.**
21.00 **For Those I Loved, part 3.**
23.00 **Lifeforce.**
00.40 **The Hitchhiker.**
01.15 **Torn Allegiance.**
03.00 **Hope and Glory.**

## EUROSPORT

9.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
10.00 **Kappakstur.** Frá Prag.
11.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
12.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
13.00 **Golf.** Mellion Challange í Englandi.
14.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
15.00 **Trans World Sport** Fréttatengdur íþróttaþáttur.
16.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.
17.00 **Rugby.** Ferð Breta til Ástralíu.
18.00 **Blak.** Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
19.00 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót á Ítalíu.
20.00 **Knattspyrna.**
21.00 **Kappakstur.** Keppni í Englandi.
22.00 **Snóker.** Opna Asíumótið.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
9.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
10.00 **Tískuþáttur.**
10.30 **Heimildarmynd.**
11.00 **Trúarþáttur.**
11.30 **Blake's Seven.** Vísindaskáldskapur.
12.30 **Dundee and the Culhane.**
13.30 **Euro Magazine.**
13.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Veröldin á morgun.**
16.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
16.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
17.00 **Viðskiptaþátur.**
17.30 **Richard Diamond.** Sakamálamyndaflokkur.
18.00 **Breski vinsældalistinn.**
19.00 **Dempsey and Makepeace.** Sakamálaþáttur.
20.00 **Pal Joey.** Kvikmynd.
22.30 **Tíska og tónlist.**



**Bergsteinn Björgúlfsson myndatökumaður og Elín Sveinsdóttir skrifta á flakki með Sigmundi í Grænlandi.**

### Stöð 2 kl. 20.55:

## Lagt í'ann

Það er Sigmundur Ernir Rúnarsson sem leggur í hann og flæmist með áhorfendum vítt og breitt í för án enda. Í þessum þætti verður staldrað við í Grænlandi og skyggnst um í þessu dularfulla nágrannalandi okkar. Húðkeipar, hundasleðar, hrátt bjarnarhjarta og snjóhús. Allt þetta er í hugum okkar dæmigert fyrir Grænland. -Pá



**Stevie Wonder er einn þeirra sem syngur til stuðnings umhverfisvernd.**

### Sjónvarp kl. 12.30:

## Umhverfisátak 1989

Í júní sl. stóðu fjölmargir stjórnmálamenn og listamenn fyrir viðamikilli dagskrá til að vekja athygli á stöðu umhverfismála í heiminum og svonefndri Brundtlandskýrslu sem unnin var á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Leiðtogar fjölda þjóða fluttu ávörp og fjölmargir listamenn lögðu sitt af mörkum til eflingar umhverfisvernd. Þeirra á meðal voru: Elton John, Midnight Oil, R.E.M., Johnny Clegg, Stevie Wonder, John Denver, Christopher Reeves, Sigourney Weaver, Diana Ross og Lisa Bonet. -Pá

### Útvarp Rót kl. 15.00:

## Grænlenskt, norskt og sænskt nýrokk

Í síðustu Poppmessu á Útvarp Rót voru spiluð þrjú grænlensk rokklög. Þau vöktu það mikla hrifningu meðal hlustenda að vegna fjölda áskorana verður nú bætt um betur.



**Jens Guð er umsjónarmaður Poppmessunnar á Rótinni.**

Í Poppmessunni á sunnudag verða spiluð lög með grænlensku nýrokksveitunum Naneruaq, Inuit, Sinnattoraangama Takusaeragit og Zikasa. Þessar hljómsveitir eru fulltrúar gróskumikillar rokkbylgju sem verið hefur í Grænlandi síðustu ár.

Einnig verða spiluð lög með norsku rokksveitinni Modern Cirkus, norska söngvaranum Åge Aleksandersen, ýmsum færeyskum djasssveitum og sænsku rokksveitunum Ebba Grön, Zamla Mammaz Manna og Imperiet. Poppmessan er að vanda í umsjá Jens Guð. -Pá

### Stjarnan kl. 17.00:

## Sagan á bak við lögin

Helga Tryggvadóttir og Þorgeir Ástvaldsson hafa að undanförnu verið með þátt á sunnudögum sem nefnist Sagan á bak við lögin. Þar taka þau fyrir heimsþekkt popplög sem allir hafa heyrt en fæstir vita hvers vegna þau hafa náð eyrum milljóna manna um víða veröld og breytt lífi flytjenda. Sumir skutu upp kollinum, stöldruðu stutt við í sviðsljósinu og hurfu síðan inn í stjörnuþokuna. Aðrir fylgdu vinsældunum eftir og eru í dag heimsfrægir. Fjallað er um listamennina sem eru á öllum aldri, allt frá Frank Sinatra til Michaels Jackson.